


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>  <b>ÍSL202 fjarnám</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2014</b>	
Utgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Ásbjörg Benediktsdóttir	<b>Sk.st.</b>	ÁBE
----------------	-------------------------	---------------	-----

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls; s.s. stafsetningu, orðflokkagreiningu og greinarmerkjasetningu. Auk þess eru rifuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um notkun og meðferð heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýms skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsókn og rökfærsluritgerð. Kennsluumhverfið er inni á Moodle. Þar fá nemendur fyrirhæli og leiðbeiningar varðandi námið.

#### Markmið:

Að nemandi:

- kunnir og geti beitt helstu stafsetningarreglum.
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu í ræðu og riti.
- kunnir og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta.
- kunnir og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls.
- kunnir og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda.
- geti tjáð sig í ræðu og riti.

#### Námsgögn:

*Íslenska eitt.* Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (Mál og menning, 2006).

*Ítarefni með æfingum.* *Íslenska 202.* Hefti, selt á skrifstofu VMA. **Heftið verður sett sem pdf-skjal inn á Moodle fyrir þá nemendur sem hafa aðgang að prentara.**

*Dauði trúðsins.* Skáldsaga eftir Árna Þórarinsson. Útgefandi JPV-útgáfa.

#### Áætlun um yfirferð:

##### 1. lota 3. september - 26. september (3½ vika)


*Íslenska eitt* bls. 129 – 157, 24-26, 51-54. Stafsetning, orðflokkagreining og greinarmerkjasetning. Farið yfir framangreind atriði og unnin ýmis verkefni (*Ítarefni með æfingum. Íslenska 202*). Þann 12. september fá nemendur verkefni í málfræði og stafsetningu sem gildir 10% af lokaeinkunn og þeir þurfa að skila viku síðar, þann 17. september. Yfirferðinni lýkur með heimaprófi á Moodle sem gildir 15% af lokaeinkunn. Prófið verður opið síðustu viku lotunnar, þ.e. 22.-28. september. **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 25%.**

##### 2. lota 29. september – 10. október. (2 vikur)

*Dauði trúðsins* eftir Árna Þórarinsson. Nemendur lesa skáldsöguna og vinna efnisspurningar samhliða lestri. Efnisspurningum er ætlað að hjálpa nemendum að halda utan um lesturinn, þeim þarf ekki að skila. Nemendur taka krossapróf úr sögunni sem gildir 5% af lokaeinkunn. Krossaprófið verður opið á Moodle dagana 3. okt. til 6. okt. Í lok lotunnar vinna nemendur bókmenntaskýrslu sem gildir 10% af lokaeinkunn. Síðasti mögulegi skiladagur bókmenntagreiningar er 12. október. **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 15%.**

##### 3. lota 13. október – 7. nóvember (4 vikur)

*Íslenska eitt* bls. 175 – 221. 5. kafli: „Álitamál og árekstrar“. Farið yfir efni kaflans, málsnið huglægni /hlutlægni, reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna grind að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbyggingu (5% af lokaeinkunn). Efnisgrind þarf að skila í síðasta lagi 19. október. Nemendur fullvinna svo ritgerðina skv. reglum þar um (15% af lokaeinkunn) og skila kennara í síðasta lagi 2. nóvember. Auk þess

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>ÍSL202 fjarnám</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2014</b>	

þurfa nemendur að skila handriti að munnlegri kynningu á niðurstöðu rökfærsluritgerðar sinnar (5% af lokaeinkunn). ATH. Ætlast er til að nemendur taki saman efni ritgerðar sinnar í stuttu máli og reifi helstu rök með og á móti viðfangsefninu, sem og niðurstöðu sína. Ekki dugir að senda ritgerðina inn aftur sem handrit að kynningu, slíkt gefur einkunnina 0. Lokaskiladagur fyrir handrit að kynningu er 9. nóvember. **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 25% af lokaeinkunn.**

#### 4. lota 10. nóvember – 21. nóvember (2 vikur)

*Ítarefni með æfingum. Íslenska 202.* Farið yfir helstu atriði við upptöku og frágang heimildaritgerða (tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá). Nemendur vinna ýmis æfingaverkefni. Lotunni lýkur með verkefni sem gildir **25% af lokaeinkunn** og skila skal í síðasta lagi 23. nóvember.

#### 5. lota 24. nóvember– 2. desember (1½ vika)

*Íslenska eitt bls. 223 – 252. kafli 6:* „Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin/n stór?“ Farið er yfir efni kaflans og nemendur útbúa atvinnuumsókn og ferilskrá sem gilda samanlagt **10% af lokaeinkunn**. Verkefninu skal skila í síðasta lagi 2. desember.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus í annarlok en námsmat og lokaeinkunn byggist á eftirfarandi verkþáttum annarinnar.

1. lota:	Verkefni í málfræði og stafsetningu	10%
	Próf í málfræði, stafsetningu og greinarmerkjasetningu	15%
2. lota:	Krossapróf úr <i>Dauða trúðsins</i>	5%
	Bókmenntagreining úr <i>Dauða trúðsins</i>	15%
3. lota:	Rökfærsluritgerð, efnisgrind og handrit að munnlegri kynningu	25%
4. lota:	Heimildaverkefni	25%
5. lota:	Atvinnuumsókn og ferilskrá	10%

**Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um (sjá Moodle).**

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.**

Dagsetning:

3/9 2014

Asbjörg Benediktsd.  
Undirritun kennara

Bened. Þor.  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils